

250 sænskar krónur og 60 ensk pund við húsleit að Hjarðarhaga 23, Rvk. hinn 21. júní sl., standa óhaggað.

#### Úrskurðarorð:

Hald það, er lagt var 21. júní 1986 á 5.061 bandaríska dollara, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund við húsleit hjá Sverri Þór Einarssyni að Hjarðarhaga 23, hér í borg, skal standa óhaggað.

Fimmtudaginn 28. ágúst 1986.

Nr. 234/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Birnu Björnsdóttur**

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. þ.m., er barst dóm-inum 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði stað-festur.

Varnaraðili gaf skýrslu fyrir sakadómi Reykjavíkur 22. ágúst 1986. Þau atriði, er varnaraðili gat ekki upplýst við þá skýrslugjöf, eru ekki þess eðlis, að telja verði að hann hefði getað spiltt sönn-unargögnum varðandi þau eða torvelað rannsókn þeirra með öðrum hætti, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, þótt hann hefði þá verið látinn laus úr haldi. Því buðu rannsóknarnauðsynjar eigi að varnaraðili væri hnepptur í gæsluvarðhald eftir fyrrgreinda skýrslugjöf. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda 6.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Atla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 6.000,00 krónur.

#### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. ágúst 1986.

Ár 1986, föstudaginn 22. ágúst er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur gert þá kröfu að Birna Björnsdóttir, atvinnulaus, fædd 2. desember 1967 í Reykjavík, með lögheimili að Stallaseli 4, en dvalarstað að Framnesvegi 22, Reykjavík, verði úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. september nk. kl. 17:00 vegna gruns um skjalafals, fjársvik og þjófnað.

#### *Málavextir:*

Kærða hefur kannast við að hafa brotist inn í Skeiðarvog 97 aðfaranótt 9. ágúst sl. og stolið þar m.a. seðlaveski Randíar Arngríms með greiðslukorti, tékkhefti og bankakorti tengdu því, ennfremur öðru greiðslukorti, gullúri, vasatölvu og fleiru. Þá hefur hún kannast við að hafa falsað úr framangreindu tékkhefti 5 tékka samtals að fjárhæð 20.000,00 krónur. Hafa tveir tékanna þegar komið fram. Tvo tékka kveðst hún hafa afhent barnsföður sínum, Ólafi Sigurðssyni, sem hafi verið ljóst að hún hafði falsað þá.

Kærða hefur einnig kannast við að hafa notað greiðslukort Randíar og falsað nafn hennar á 18 úttektarseðla, sem fundust á heimili kærðu við húsleit í gær, samtals að fjárhæð rúmlega 50.000,00 krónur.

Við húsleitina fannst einnig greiðslukort Olgeirs Olgeirssonar, en kærða hefur ekki getað gert grein fyrir tilvist þess.

Loks hefur kærða viðurkennt að hafa tekið á leigu í eigin nafni sjónvarpstæki og myndbandsspólur en ákveðið síðar að skila því ekki. Þá hefur hún og viðurkennt að hafa tekið á leigu í nafni Randíar 4 myndbandstæki og all margar myndbandsspólur og notað greiðslukort Randíar til þess að greiða leiguna. Tvö myndbandstækjanna hefur kærða selt og kveðst einnig hafa ætlað að selja að minnsta kosti annað hinna tveggja.

Svo sem fyrr greinir eru enn ekki komnir fram allir þeir tékkar sem kærða kveðst hafa falsað og ekki liggur fyrir hvort hún notaði greiðslukort Randíar við fleiri úttektir en að framan segir, né hvort um einhverja misnotkun á hinum greiðslukortunum tveimur er að ræða. Þá hefur ekki tekist að hafa uppi á Ólafi Sigurðssyni til þess að yfirheyra hann um aðild hans að brotum kærðu, en hann er að sögn kærðu atvinnulaus og án fasts samastaðar. Þá leikur grunur á að kærða hafi tekið á leigu fleiri myndbandstæki en hún hefur kannast við og selt þau eða ráðstafað á annan hátt, en ekki er upplýst hverjum kærða seldi þau tækjanna sem hún kannast við.

Brot þau, sem kærða er grunuð um, geta varðað hana fangelsisrefsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu kærðu er þess krafist að gæsluvarðhaldskröfunni verði synjað, en til vara að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir óhjákvæmilegt að kærða sæti gæsluvarðhaldi og ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt til föstudagsins 29. ágúst nk. kl. 17:00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Birna Björnsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. ágúst 1986 kl. 17:00.

---